

FUNDARGERÐ	Tilfni fundar 2. Fundur ráðgjafanefndar fagstofnanna og eftirlitsaðila		Síður 3
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
31.10.2024	9:30 – 11:00	Teams fundur	2
Fundarboðandi: Umhverfisstofnun	Fundarritarar: Hólmfríður Þorsteinsdóttir og Margrét Mjöll Benjamínsdóttir.		
<p>Fundarmenn mættir samkvæmt viðveru á Teams fundi:</p> <p>Marianne Jensdóttir Fjeld (UST), Hólmfríður Þorsteinsdóttir (UST), Carl Andreas Fossick Ströberg (UST), Margrét Mjöll Benjamínsdóttir (UST).</p> <p>Reynir Óli (Vegagerðin), Svava Björk (VÍ), Jón Guðmundsson (LBHÍ), Berglind Orradóttir (LBHÍ), Guðni Magnús (Fiskistofa), Hörður Þorsteinsson (HES), Kristján Geirsson (Orkustofnun), Helena Marta Stefánsdóttir (Land og Skógur), Sunna Björk Ragnarssdóttir (NÍ), Stefán Árnason (HMS), Erlín Emma Jóhannsdóttir (Náttúrustofa Austurlands og Samtök Náttúrustofa), Sigurjón Einarsson (Land og Skógur), Anna Guðrún Ahlbrecht (Náttúrufræðistofnun), Bogi Brynjar Björnsson (Veðurstofa Íslands), Daði Þorbjörnsson (ÍSÖR), Erla Björk Örnólfsdóttir (RAMÝ), Eydís, Salome Eiríksdóttir, (Hafrannsóknastofnun), Fjóla Rut Svavarsdóttir (Hafrannsóknastofnun), Katrín Guðjónsdóttir (MAST), Sindri Gíslason (Náttúrustofa Suðvesturlands), Þóra Katrín Hrafnisdóttir (Náttúrufræðistofnun).</p> <p>Afrit sent: Á alla fundarmenn að loknum fundi og sett á Teams samstarfssvæði nefndar</p>			

Efni dagskrár og punktar fyrir hvern lið
<p>1. Tour de table</p> <p>Allir fundarmenn kynna sig, hvað þeir gera hjá stofnuninni og hvaða tengingu þau hafa við vatnamál s.s. í gegnum leyfismál, framkvæmdir, eftirlit, rannsóknir ofl.</p>

Efni dagskrár og punktar fyrir hvern lið

2. Hlutverk ráðgjafanefndar

Farið yfir hvert lögbundið hlutverk nefndarinnar er.

3. Samantekt á því sem var tekið fyrir á síðasta fundi

Farið yfir hvað var á dagskrá síðasta fundar 14. febrúar 2024.

4. Meginvörður framundan

Farið yfir þau stóru verkefni sem framundan eru s.s. undirbúning að gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og það sem sú vinna innifelur þar til nýjar áætlanir eru samþykktar árið 2028.

Efni sem stefnt er að því að fari til rýnis nefndarinnar á næstu mánuðum:

- Leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot
- Upplýsingar um álag, rýna samantekt um álag á vatn
- Aðferðafræði við að meta magnstöðu grunnvatnshlota
- Aðferðafræði við mat á efnafræðilegu ástandi grunnvatns
- Aðferðafræði við álagsgreiningu, hér þarf að meta umfang þess álags sem sett er fram í samantekt yfir álag á vatnshlot og þá hversu mikið það er á vatnshlot og mögulega þurfi að bregðast við því. Vatnshlot gætu þá verið skilgreind í óvissu og þurfa þá frekari úrvinnslu á tímabili vatnaáætlunar.
- Minni vinnuhópar:

Vinnuhópur um frekari afmörkun yfirborðsvatnshlota – Óskað eftir fulltrúum í vinnuhóp.

Veðurstofan og Hafrannsóknastofnun bauð fram aðstoð við þá vinnu. Jafnframt rætt um mikilvægi þess að heilbrigðiseftirlitin kæmu inn í þessa vinnu.

Umræða fór fram um hvar á jarðvegsvatn eigi heima varðandi frekari afmörkun yfirborðsvatnshlota. Afmörkun nær til grunnvatnshlota í heild og kerfið gerir ekki sérstaklega ráð fyrir vatnshlotum vegna jarðvegsvatns. Skoða skýrsluna: [Endurskoðun og skipting strandsjávar í vatnshlot](#) til glöggvunar.

Vinnuhópur um uppfærsla á starfsreglum um góða búskaparhætti - Óskað eftir fulltrúum.

LBHÍ og Land og skógur bauð fram aðstoð. Hægt að senda tölvupóst á formann nefndarinnar ef óskað er eftir þátttöku í hópnum.

Efni dagskrár og punktar fyrir hvern lið

5. Verkefni nefndarinnar 2025

- Fræðsla nefndarmanna „heim í hérað“ að nefndamenn kynni stjórn vatnamála fyrir sínu starfsfólki sem kemur að vatnamálum. Rætt um að UST gæti gert samræmdar kynningar sem fundarmenn geta tekið og kynnt.

6. Önnur mál?

Umræða um hvort hægt verði að vinna að skilvirkara ferli varðandi umsagnir. Mismunandi stofnanir eru oft að gera athugasemdir við sömu hlutina – væri gott að geta samræmt þessa vinnu og dregið þannig úr stjórnsýslubyrði. Rætt um hugsanlegan vinnuhóp sem snýr að þessari vinnu um umsagnir?

Vinna í gangi um samræmingu ferla varðandi leyfisútgáfu.

Leiðbeiningar um gerð áhrifamats vegna starfsemi og framkvæmda mun að minnsta kosti samræma vinnu við gerð á áhrifamati vegna starfsemi og framkvæmda. Sá sem gefur út leyfi þarf að meta gæði áhrifamatsins.

Rætt um hvort væri til einhver áætlun um að gera leiðbeiningar um umgengni við hafnir s.s. vegna mengunar (PAH, þungmálma, framandi ágengar tegundir).